



**1. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga, kjörtímabilið
2018-2022, haldinn í Hveragerði 28.ágúst kl.8:15.**

**Mætt: Eyþór H. Ólafsson formaður, Helgi S Haraldsson, Kjartan Björnsson,
Árni Eiríksson og Rakel Sveinsdóttir. Einnig mætt Ingibjörg Garðarsdóttir
fjárhaldsmaður nefndarinnar.**

1. Kosning ritara framkvæmdastjórnar.

**Formaður setur fund og býður nýja framkvæmdastjórn velkomna til fyrsta fundar.
Helgi kosinn ritari framkvæmdastjórnar.**

2. Umræða um fjárhagsáætlunar ársins 2019.

**Samkvæmt samþykktum nefndarinnar ber stofnunum hennar að skila drögum að
fjárhagsáætlunum að jafnaði eigi síðar en 15.september ár hvert. Ákveðið að þær
skuli skila þeim til framkvæmdastjórnar eigi síðar en 1.október n.k., þar sem ekki
hafa allar stofnanir haldið sinn fyrsta stjórnarfund.**

3. Haustfundur 2019.

**Samþykkt að haustfundurinn fari fram 22.október nk. og hefjist kl. 9:30. Formanni
falið að finna fundarstað. Fundurinn fer fram á einum degi.**

4. Stofnsamningur Héraðsnefndar.

**Farið yfir stofnsamninginn og hvort geri þurfi breytingar á honum. Ákveðið að þess
gerist ekki þörf að svo stöddu.**

5. Erindisbréf stjórna.

**Lögð fram erindisbréf stjórna stofnana Héraðsnefndar. Nokkrar breytingar gerðar
til samræmingar og ákveðið að senda ný erindisbréf til forstöðumanna og stjórna
stofnananna, til yfirlæstra og samþykktar ef engir athugasemdir koma fram. Ekki
virðist vera til erindisbréf fyrir Almannavarnanefnd og formanni falið að útbúa það
og leggja fyrir stjórnina.**

6. Heimasíða Héraðsnefndar.

Heimasíðan er orðin frekar lúin og þreytt og samþykkt að fela Þorsteini Tryggva Mássyni héraðsskjalaverði að uppfæra hana og laga.

7. Fundargerð stjórnar Brunavarna Árnessýslu.

Fundargerð stjórnar frá 24.ágúst sl. lögð fram og einnig 6 mánaða uppgjör.

8. Skipun fulltrúa Héraðsnefndar í FabLab vinnuhóp.

Héraðsnefnd þarf að skipa fulltrúa í FabLab vinnuhóp, vegna undirbúnings að stofnun FabLab, við Fjölbautaskóla Suðurlands. Ákveðið að formaður kalli eftir því hvað felst í starfi þessa hóps og hvert sé hlutverk hans. Tilnefningu fulltrúa frestað þar til frekari upplýsingar liggja fyrir.

9. Starfið framundan.

Umræða fór fram um starfið framundan, fjölda funda, stefnumótun ofl. M.a var rætt um greiðslur til nefndarmanna og stjórna stofnana, hverjar eru þær og til handa hverjum. Ingibjörgu falið að taka þessar upplýsingar saman fyrir næsta fund.

10. Önnur mál.

Rætt um þjóðlendur og miðhálendis þjóðgarð og aðkomu sveitarfélaga að þeirri umræðu. Ákveðið að taka þá umræðu m.a með tilliti til ályktunar, á haustfundí Héraðsnefndarinnar.

Húsnaðismál héraðsskjalasafns og byggðasafns rædd og ákveðið að formenn þeirra stjórna taki það til umræðu í sínum stjórnum.

Fundi slitið kl. 10:05.

Helgi Sigurður Haraldsson ritaði fundargerð.

Árið 2018
Helgi Sigurður Haraldsson
Ræðið Sverigöld.
Kárlan Björnsson
Líffur Pálsson